

ÖNDUNARPRÓF FYRIR HELICOBACTER PYLORI

Lestu þessar leiðbeiningar vel.

Dagsetning rannsóknar: _____ kl: _____

Ef þú þarfnast nánari upplýsinga eða þarft að breyta tímanum, vinsamlega hafðu samband við Meltingarsetrið Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík, sími 553-3800 eða meltingarsetrid@meltingarsetrid.is. Upplýsingar má einnig finna á heimasíðunni www.meltingarsetrid.is

Almennar upplýsingar:

Rannsóknin er gerð til að greina hvort bakterían *Helicobacter pylori* (H.pylori) leynist í slímhúð magans eða ekki. Þessi sérstaki sýkill veldur þar langvinnri bólgu (gastritis), sem getur ýtt undir sáramyndun í maga eða skeifugörn, auk þess sem bakterían er áhættuþáttur fyrir magakrabbameini.

Algengar ástæður fyrir rannsókninni:

Meltuónot (dyspepsia), sem geta verið margvísleg þ.m.t. verkir ofarlega í kvið, ógleði, uppköst, brjóstsviði, minnkuð matarlyst og megrun. Einnig ef það er fyrri saga um sárasjúkdóm í maga eða skeifugörn

Algengast er að nota prófið til að athuga hvort H.pylori meðferð hafi borið árangur eða ekki.

Nánar um sjálfa rannsóknina:

Meltingarsetrið (MS) býður upp á þessa þjónusturannsókn, sem heitir á fagmáli *Helicobacter pylori* Test *INFAI*. Þetta er s.k. ¹³C urea öndunarpróf. Rannsóknin er framkvæmd í samvinnu við þýska fyrirtækið INFAI í Köln. Þetta öndunarpróf kom fyrst á markað 1997 og hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu og er notað mikið í öllum löndum Evrópusambandsins, auk fjölda landa utan þess.

Sérstaða rannsóknarinnar:

Öndunarprófið er í sjálfu sér mjög auðvelt og einfalt fyrir sjúklinginn og þannig verulega notendavænt. Prófið er án inngrips (noninvasive) öfugt við speglun. Rannsóknin er einnig hagkvæm /ódyr borið saman við speglun. Það skal þó tekið fram að magaspeglun gefur meiri og ítarlegri upplýsingar um ástand efri hluta meltingarvegjar en öndunarprófið gerir.

Öndunarprófið er mjög áreiðanlegt, en það er bæði mjög næmt og sértækt (tæplega 100%) til að greina eða útiloka H.pylori sýkingu og það er engin frábending gegn því að gera rannsóknina. Það má t.d. gera prófið á meðgöngu og hjá konum sem hafa barn á brjósti.

¹³C urea ísatópin, sem er notaður í rannsókninni, er náttúrlegur og er þegar fyrir í líkama okkar og það eru engar þekktar aukaverkanir af prófinu.

Framkvæmd H.pylori öndunarprófs:

Sjúklingur fastar í 6 klst

Engin sýklalyf í 4 vikur

Ekki s.k sýrudælublokkalyf (PPI) í 2 vikur.

Sjúklingurinn blæs með röri í mæliglas í tvígang, og þannig eru tekin tvö öndunarsýni. Fyrst er tekið grunnsýni, en síðan aftur sýni 30 mínútum síðar eftir að sjúklingur hefur drukkið 200 ml af vökva. Hann er blanda af vatni, sítrónusýru og ísatópnum ¹³C, sem er bundinn í þvagefninu (urea). Ef H. pylori bakterían er til staðar í maganum þá klýfur enzím hennar (urease) ísatópin og ¹³C -koltvísýringur myndast, sem berst með blóðrásinni til lungnanna og þaðan yfir í útöndurloft okkar. Útöndunarloftið er síðan mælt m.t.t. ¹³C-magnsins

Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði kallar sjúkling inn, bókar tíma og skráir niðurstöðu rannsóknarinnar.

Niðurstaðan er síðan send tilvísandi lækni rafrænt.